



Alþingi
Erindi nr. P 138/2613
komudagur 21.5.2010

LISA samtök um landupplýsingar á Íslandi

Umhverfisstofnun Alþingis
Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2010

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga (EES-reglur, heildarlög), 549. Mál
Vísað er til umsagnarbeiðni frá Umhverfisstofnun Alþingis, sent til samtakanna 12. maí 2010.
Umsögn samtakanna er viðbót við athugasemd við drög að frumvarpi til laga um grunngerð landupplýsinga sem LÍSU samtökin sendu umhverfisstofnun 24. febrúar 2010.

3.gr. Orðskýringar

Notkun hugtaksins „Staðföng“.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur hugtakið staðföng fyrir nokkrum sinnum.

LÍSU samtökin leggja til að síðasta setningin í III. kafla í „Athugasemdum við lagafrumvarp þetta“

„Við vinnsiu frumvarpsins var ákveðið að nota oftast orðið „landupplýsingar“ fyrir ensku hugtökin „spatial data“ og „geographic information“ þrátt fyrir að orðið „landupplýsingar“ sé talið hafa víðari merkingu en orðið „staðgögn“.

verði felld niður. Setningin er mjög ruglingsleg vekur upp spurningar um hvort unnið hafi verið nægilega vel með hugtök.

Ög inn komi ný orðskýring í 3. gr. í frumvarpinu:

„Staðgögn:“ Upplýsingar til að finna staðsetningu og einkenni náttúruvitja eða manngerðra fitja og afmörkun á jörðu. Þessar upplýsingar kunna m.a. að hafa fengist með fjarkönnun, kortlagningu og landmælingatækni.“

11. gr. Gjaldtaka

„11. gr. Gjaldtaka.

Þjónusta skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. er veitt án endurgjalds. Heimilt er að láta gögn hjá skoðunarþjónustu skv. 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. vera á sniði sem kemur í veg fyrir að þau séu endurnotuð í viðskiptalegum tilgangi.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir þjónustu skv. 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við að veita þjónustu og skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds byggist á. Gjaldið má ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Sé gjald innheimt skal notendum gert kleift að greiða fyrir þjónustuna með rafrænum hætti.“

LÍSU samtökin vilja koma því á framfæri að mikilvægt er að halda allri gjaldtöku í lágmarki, hvort sem er fyrir notkun á þjónustum sem nefndar eru í 3., 4., og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. eða vegna hugsanlegra leyfisgjalda á gögnunum sjálfum. Öll gjaldtaka getur leitt til þess að notkun gagnanna verði minni en ella og það vinnur gegn markmiði frumvarpsins um að tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum á Íslandi.

f.h. stjórnar LÍSU

Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir

framkvæmdastjóri LÍSU samtakanna